

✉ Re: Ytri- og Syðri Varðgjá - Hótel, Eyjafjarðarsveit – skipulagslýsingar

Búið til	23.2.2023 09:54:03
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	23.2.2023 09:54:02
Tilheyrir	📁 202302-0016 - Ytri- og Syðri Varðgjá - Hótel, Eyjafjarðarsveit – skipulagslýsingar

Efni

Re: Ytri- og Syðri Varðgjá - Hótel, Eyjafjarðarsveit – skipulagslýsingar

Upplýsingar

Sent	23.2.2023 09:54:02	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigrigur@sbe.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202302-0016 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar, dags. 7. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og vegna nýs deiliskipulags fyrir fyrirhugaða hótélbyggingu á landareignunum Ytri- og Syðri Varðgjá.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Málið varðar uppbyggingu hótels skammt sunnan við Skógarböðin. Hótélbyggingin er áætluð þar sem í dag er ræktaður skógur. Svæðið hefur því ekki sérstakt verndargildi út frá gróðurfari en byggingin mun raska búsvæðum lífvera t.d. fugla og skerða útivistargildi svæðisins og því mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við að skipulagssvæðið nái svo langt út til vesturs yfir leiruna enda virðast ekki vera nein áform um að nýta það svæði sérstaklega. Fuglar sækja í leirurnar og því ætti að halda því svæði utan við áætlaða uppbyggingu eins og hægt er og einnig huga vandlega að frárennismálum.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir en áskilur sér rétt á frekari ábendingum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigríður Kristjánsdóttir" <sigridur@sbe.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Ytri- og Syðri Varðgjá - Hótel, Eyjafjarðarsveit – skipulagslýsingar

Date: 7.2.2023 14:36:10

Góðan dag!

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 20. október sl. að vísa skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og vegna nýs deiliskipulags fyrir fyrirhugaða hótélbyggingu á landareignunum Ytri- og Syðri Varðgjá í kynningarferli skv. 1.mgr. 30 gr. og 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulagsbreytingin lýtur að því að verslunar- og þjónustusvæði (VP22) stækkar úr 1,8 ha í 3,0 ha á svæði sem auðkennt er að hluta til sem íbúðarsvæði (ÍB22) og að hluta sem skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030. Skipulagsverkefnið snýr að skipulagi lóðar fyrir hótél.

Skipulagstillagan er nú send umsagnaraðilum til yfirferðar. Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti nema fram komi beiðni um annað.

Náttúrufræðistofnun Íslands er góðfúslega beðinn um að koma umsögn um tillögurnar á framfæri við undirritaðan ekki síðar en föstudaginn 24. febrúar 2023. Ef ekki berst umsögn fyrir þann tíma er litið svo á að ekki sé gerð athugasemd við tillögurnar

Fyrir hönd Eyjafjarðarsveitar,

Með bestu kveðjum

Sigríður Kristjánsdóttir

Skipulagsfulltrúi hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar

sigridur@sbe.is (<mailto:sigridur@sbe.is>)

463-0621

Með bestu kveðjum